Nd. **205. Frumvarp**

til laga um einkaleyfi til að flytja út og selja á erlendan markað nýja tegund af saltfiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1938 veitist Sveini Árnasyni, yfirfiskimatsmanni á Seyðisfirði, einkaleyfi til þess að flytja út og selja á erlendum markaði saltfiskstegund, er hann nefnir „Magna“ og verkuð er með sérstakri aðferð, sem hann hefir tekið upp og endurbætt. Saltfiskur þessi líkist að verkun, útliti og eðli vörunnar saltfiskstegund þeirri, sem í hinum ýmsu stöðum í Miðjarðarhafslöndunum er nefnd ýmsum nöfnum, svo sem „shorefish“, „bankfish“, „Gaspe“, „Newfoundlandfish“ og „Bacalao Ingles“, eftir stærð, uppruna eða markaðslandi.

2. gr.

Heimilt er leyfishafa að framselja einkaleyfið, að meira eða minna leyti, sameignarfélagi eða hlutafélagi, sem hann sjálfur er þátttakandi í og veitir forstöðu. Gengur sá félagsskapur þá inn í réttindi og skyldur leyfishafa samkvæmt þessum lögum.

3. gr.

Fisk þann, er einkaleyfishafi flytur út samkvæmt heimild laga þessara, getur atvinnumálaráðherra undanþegið ákvæðum laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat, enda sé berum orðum fram tekið á farmskírteini, að fiskurinn sé „Magna"-fiskur (shorefish, bankfish o. s. frv.).

4. gr.

Einkaleyfi þetta er bundið eftirfarandi skilyrðum:

a) Að leyfishafi flytji eða láti flytja út af umræddri saltfiskstegund að minnsta kosti 300 smálestir árlega eftir lok ársins 1933.
b) Að hann greiði í ríkissjóð 500 króna árlegt gjald fyrir einkaleyfi þetta.
c) Að hann kenni íslenzkum útgerðar- og fiskverkunarmönnum verkunaraðferð sína, eftir því sem markaður og aðrar ástæður leyfa, og að aðferðin verði almenningseign að leyfistíma loknum.

Verði þessi skilyrði ekki haldin, getur atvinnumálaráðherra svipt hann einkaleyfinu, og skal þá leyfissviptingin auglýst í Lögbirtingablaðinu.

5. gr.

Meðan leyfistíminn stendur er öllum öðrum óheimilt, án leyfis leyfishafa, að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til, eða eftirlíkingar af henni, er seldar yrðu á erlendum markaði sem tegundir þær, er nefndar eru í 1. gr. Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða sektum frá 2000—20000 kr., er renna í ríkissjóð, svo og skaðabótum til leyfishafa eftir almennum reglum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 8. þ. m. sendi Sveinn Árnason yfirfiskimatsmaður sjávarútvegsnefnd neðanskráð bréf:

p. t. Reykjavík, 8. marz 1933.

Ég leyfi mér hér með að óska þess, að hið háa Alþingi veiti mér með sérstökum lögum einkarétt í 5 ár til þess að framleiða, flytja út og selja á erlendan markað saltfiskstegund, sem mér hefir tekizt að framleiða og ég nefni „Magna". Einkaréttinum fylgi leyfi til að framselja þessi réttindi til annara íslenzkra þegna, ef þörf er á.

Ég hefi í nokkur ár gert tilraunir til þess að eftirlíkja fisktegund, sem er vel þekkt á fiskmarkaði Suðurlanda og er nefnd „Shorefish" (Bacalao Ingles).

Ég er þó ekki eini maðurinn hér á landi, sem hefi reynt þetta, því allmargir aðrir, sem hafa kynnzt þessum fiski á erlendum markaði, hafa gert slíkar tilraunir áður, en þær hafa allar mistekizt. Fyrsta tilraunin hér á landi af þessu tægi mun hafa verið gerð árin 1908—1910.

Mér hefir nú að vísu tekizt að verka þessa fisktegund („Shore"), en vegna loftslagsskilyrða hér álít ég, að nákvæm eftirlíking þessa fiskjar sé of áhættusöm og miklum vandkvæðum bundin. En við tilraunir mínar hefir mér tekizt að framleiða afbrigði frá þessari verkun, sem að vísu er kostnaðarsamara, en um leið öruggara að verka án mikillar áhættu af skemmdum.

Ég á auðvelt með að sýna fram á, að þetta verkunarafbrigði er líklegt til að njóta góðs gengis á erlendum markaði og koma þar í stað „shore" fiskjar. Þetta hefir mikla þýðingu, þar sem þessi fiskur á að geta numið alveg ný markaðssvið án þess að keppa við annan íslenzkan saltfisk. Það er sem sé staðreynd, sem allir kunnir þessum málum þekkja, að þeir menn, sem kaupa þessa tegund til neyzlu, kaupa alls ekki venjulegan íslenzkan fisk. Hér er því fyrir hendi möguleiki til þess, þegar fram liða stundir, að koma miklum hluta af íslenzkri fiskframleiðslu inn á nýjar brautir og geta á þann hátt rýmt svo til á markaðnum, að framleiðslan megi aukast og verðið yfirleitt hækka.

Í grein, sem ég ritaði í 3. tölublað „Ægis" 1930, benti ég á, að oss hefði tekizt að framleiða eftirliking af labradorfiski (erlendis oftast nefndur „style"), sem nú væri alstaðar tekinn fram yfir hinn upprunalega labradorfisk. Oss hefir ennfremur tekizt að verka pressufisk („Lave-style", almennast kallaður „Pressado"), sem að miklu leyti hefir útrýmt frönskum „Lavé". En mikilsverðasta atriði taldi ég það, að okkur tækist að framleiða vöru, sem gæti keppt við „shore", með því að þar væri um stærst markaðssvið að ræða. Taldi ég, að þetta mundi mögulegt með nokkurri þolinmæði. Og nú fullyrði ég, að mér hafi tekizt að verka samkeppnisfæra vöru við „shore". En það skal um leið tekið fram, að verkun hennar er bæði umfangsmeiri og vandasamari en á labra- og pressufiski, og þó ekki vandameiri en svo, að hver fiskframleiðandi í landinu ætti eftir t. d. 5 ár að geta verkað hæfilegan hluta af saltfiski sínum á þann hátt.

Ég vil geta þess, að verkunaraðferðin, sem hér er um að ræða, er ólík hinni venjulegu saltfisksverkun hér á landi, svo ólík, að hvert stig i verkuninni (söltun, pressun, þurrkun o. s. frv.) eru í verulegum atriðum frábrugðin hinu venjulega og fiskurinn ólikur að útliti og eðli vörunnar. Mér virðist því miklar líkur til, að mér yrði ekki synjað um einkaleyfi á aðferðinni, samkvæmt einkaleyfislögum, nr. 12 frá 20. júní 1923, ef ég sækti um það til ríkisstjórnarinnar. Er því rétt, að ég geri grein fyrir, hvers vegna ég fer ekki þessa leið, heldur leita beint til Alþingis.

Þegar ég fór að fást við þessar tilraunir, þá var það alls ekki tilgangur minn að finna upp einhverja nýjung, sem ég gæti grætt fé á persónulega, heldur var ég að reyna að finna umbætur á fiskverkun, sem gæti víkkað markaðssviðið og haft þýðingu fyrir almenning. Við tilraunirnar kom það í ljós, að verkunin er vandameiri en hin venjulega verkun, útheimtir sérstök áhöld og er verulega frábrugðin hinni, eins og áður er sagt. Ef ég nú fengi venjulegt einkaleyfi samkvæmt fyrrgreindum lögum t. d. í 15 ár, þá mundi ég verða að stofna félag til

stórframleiðslu á einum stað eða máske á örfáum stöðum, framleiðslan sennilega verða takmörkuð í mörg ár og ekki koma almenningi að eins miklum notum.

Ef ég hinsvegar fengi full umráð yfir framleiðslu þessarar vöru í næstu fimm ár, þá gæti mikið unnizt fyrir framleiðendur í heild, en ekkert tapazt. Á þeim tíma fengi ég næði til þess að fullkomna vöruna og „standardisera", kenna verkunina almennt og útvega vörunni markað. Ætlast ég þá til, að enginn megi framleiða þessa vöru nema með mínu leyfi og eftir leiðbeiningum, sem ég læt i té. Ég geri ráð fyrir, að eftir 5 ár yrði þekking á verkun þessarar fisktegundar orðin svo almenn, að ekki þyrfti að óttast, að markaðnum yrði spillt með skakkri eða misjafnri vöru, gerðri af skilningsleysi eða vankunnáttu.

Það er nú alls ekki óhugsandi, að ýmsir yrðu nú til þess að verka þessa vöru, þegar vitanlegt er, að hægt er að framleiða hana hér á landi. Því gæti einhverjum háttvirtum alþingismönnum virzt, að ekki væri ástæða til að veita neitt einkaleyfi í þessu skyni, enda mundi ég án þess fús á að leiðbeina þeim, sem þess óskuðu, þar sem ég líka er i þjónustu rikisins. Ég vil því strax taka þetta fram:

Það hefir tekið mig 4—5 ár að komast að niðurstöðu, og þó ekki fengizt nein fullkomnun í framleiðslunni, heldur má hún ennþá heita á tilraunastigi. Mér hefir þó gefizt tækifæri til þess að athuga vöruna sjálfa á markaðnum, aflað mér á þessum tíma upplýsinga hjá hinum kunnugustu mönnum, bæði í framleiðslu- og markaðslöndunum, og gert að þessu fengnu margar tilraunir. Auk þess er ég talsvert kunnugur fiskverkun yfirleitt. Ég er því hræddur um, að mönnum með enn lakari þekkingu gengi þetta illa, enda hefir reynslan sýnt, að slyngum mönnum á þessu sviði hefir mistekizt.

En svo hefi ég reyndar gildar ástæður til að ætla, að enginn verði til að taka þetta upp, og sú þekking, sem þegar er fengin, komi að litlum eða engum notum. Ég hefi reynslu fyrir mér um það, að menn eru seinir til að taka upp nýjungar á þessu sviði, þó til stórbóta séu og auðveldar, nema þær séu knúðar fram af áhuga eða vegna hagsmuna þess, er fyrir þeim gengst. Ég skal aðeins nefna tvennt: Árið 1912 fann ég upp á því að þurrka fisk á lausum grindum, sem um leið eru börur. Ég lýsti þessari þurrkunaraðferð í „Ægi" 1918 og birti myndir af áhöldunum. Síðan hefi ég sýnt fram á, að vinnusparnaður með þessum áhöldum væri mikill, þau ódýrari en fiskreitir úr grjóti, með notkun þeirra hægt að framkvæma fiskþurrkun nærri hvar sem er, og þurrka fisk á öllum tímum árs. Árið 1929 birti ég, líka í „Ægi", niðurstöðu af tilraun, sem ég hafði gert með kassasöltun á fiski. Leiddi hún í ljós, að vegna saltsparnaðar og minna hráefnis væri að minnsta kosti 11% hagnaður á þessari verkun, en ótalið var þá, að fiskurinn er miklu hæfari fyrir þann markað, sem hæst verð borgar. Hvorug þessara endurbóta hefir þó enn verið tekin upp annarsstaðar en á Austurlandi, en þar eru þær viðhafðar af nálega hverjum fiskframleiðanda. Nú er það staðreynd, að oftast er greitt um 10 kr. hærra verð fyrir skippund af Austfjarðafiski en t. d. sunnlenzkum, og ég leyfi mér að fullyrða, að það er ekki sizt að þakka þessum tveimur umbótum. Það, að hvorug þeirra hefir ver-

ið tekin upp annarsstaðar, gefur ekki glæsilegar vonir um, að vandameiri umbætur verði almennt teknar upp, nema á það sé ýtt af áhuga eða hagsmunalegum ástæðum.

Með því, sem hér hefir verið sagt, þykist ég hafa rökstutt og að nokkru gert grein fyrir ástæðum mínum til þessarar málaleitunar, en er að sjálfsögðu fús til að láta sjávarútvegsnefndum þingsins i té frekari upplýsingar um málið.

Virðingarfyllst.

Sveinn Árnason
yfirfiskimatsmaður.

Til Alþingis.

Eftir að nefndin hafði rætt þetta mál allýtarlega, urðu allir nefndarmenn sammála um að flytja ofangreint frumvarp, ef Sölusamband ísl. fiskframleiðenda væri málinu hlynnt.

Hinn 17. þ. m. barst nefndinni neðanskráð bréf til Sveins Árnasonar frá stjórn Sölusambands isl. fiskframleiðenda.

Reykjavik, 17. marz 1933.

Hr. yfirfiskimatsm. Sveinn Árnason,
p. t. Hotel Borg,
Reykjavik.

Í bréfi yðar í gær óskið þér þess, að vér látum í ljós álit vort á fyrirætlun yðar um að fá einkaleyfi á framleiðslu og sölu saltfisktegundar, er þér nefnið „Magna".

Oss er það vel kunnugt, að fisktegund sú (Shorefish, Bacalao Ingles o. s. frv.), er þér hafið reynt að eftirlíkja, er eftirspurð vara á markaði í Miðjarðarhafslöndunum og víðar. Vér álítum því, að frekari tilraunir yðar og aðgerðir megi ekki falla niður, og getum því eftir atvikum mælt með, að yður verði veittur einkaréttur sá, er þér sækið um til Alþingis, með því vér getum fallizt á, að það muni verða örugg leið til þess að koma þessari verkun svo langt áleiðis, að hún verði að almennum notum, og þannig úr garði gerð, að sneitt verði hjá misfellum sem frekast er unnt.

Það skal tekið fram, samkvæmt ósk yðar, að vér erum yður samdóma um, að eftirlíking yðar (Magna) spilli ekki markaði eða keppi við annan islenzkan fisk. Hinsvegar ætti framkoma þessarar nýju vöru hér að geta orðið til þess að bæta framleiðsluskilyrðin að ýmsu leyti, svo framarlega sem yður tekst að koma verkuninni í framkvæmd, svo að um muni.

Virðingarfyllst,

Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

Ó. Proppé. Richard Thors. Kr. Einarsson.

Nefndin telur það tvímælalaust, að ef það tekst að verka þessa fisktegund hér á landi, geti það orðið til mikilla hagsbóta fyrir fiskframleiðendur, en engu til kostað af almenningsfé, þótt tilraunir verði gerðar eftir ákvæðum frumvarpsins. Væntir nefndin því, að mál þetta mæti engri mótspyrnu og nái lögfestu á þessu þingi.